



**Skýrsla stjórnar PGA á Íslandi
starfsárið 2009.**

Stjórn PGA á Íslandi var kosin á aðalfundi og hana skipuðu

Sigurpáll Geir Sveinsson formaður
Arnar Már Ólafsson skólafulltrúi
Derrick Moore gjaldkeri
Ingi Rúnar Gíslason mótanefnd
Ragnhildur Sigurðardóttir ritari

Félagsmenn voru 48 í upphafi árs en telja nú 62. Af þessum 62 meðlimum eru 6 félagar með aukaaðild.

Störf stjórnar voru með hefbundnum hætti og voru haldnir reglulegir fundir yfir árið. Eins og í öðrum félögum þar sem stór hluti útgjalda er í erlendri mynt, þá var síðasta ár okkur frekar erfitt fjárhagslega. Samt sem áður teljum við að okkar félag standi ágætlega og framtíðin er björt ef við stöndum öll saman og hugsum um hagsmuni félagsins.

Fljótlega eftir síðasta aðalfund kom í ljós að Arnar Már væri á leið til Þýskalands á ný að þjálfar. Þá var ljóst að PGA þurfti nýjan framkvæmdastjóra. Eftir að hafa viðrað hugmyndir um nokkra aðila var ákveðið að tala við Agnar Má Jónsson um að taka að sér verkefnið. Agnar var tilbúinn að taka þetta verkefni að sér og var undirritaður við hann samningur í marsmánuði. Agnar Már er vel tengdur inní atvinnulífið og hefur á árinu reynst okkur gríðarlega vel á öllum sviðum og þökkum við honum frábærlega vel unnin störf og vonandi var þetta bara 1. árið hans af mörgum sem framkvæmdastjóri PGA.

Á síðasta aðalfundi var kynnt hugmynd um að setja á æfingahringjareglur fyrir mótaraðir á Íslandi. Þessi hugmynd spratt upp hjá PGA og var kynnt Ólafi Þór Ágústssyni, formanni SÍGÍ. Honum leist vel á hugmyndina og hafði reyndar lengi tekið eftir að umgengni um golfvellina okkar í æfingahringjum hafi verið slæm á köflum. PGA og SÍGÍ sömdu þessar reglur og sendu til mótanefndar GSÍ.

Mótanefndin ákvað í framhaldinu að hrinda þessu af stað strax í fyrsta móti vorið 2009. Það mynduðust umræður um þessar reglur á kylfingur.is og virtist sem að flestir væru sáttir með reglur af þessu tagi. Samkvæmt heimildum okkar voru vallarstjórar, mótanefnd GSÍ og kylfingar almennt sáttir með þessar reglur og sem betur fer þurfti ekki að refsa neinum vegna brots á reglunum.

Golfsamband Íslands hélt í vor, ásamt ferðamálaráði Íslands, útivistar og golfsýningu í Laugardalnum. PGA á Íslandi var með bás á staðnum og var það hluti af því að kynna félagið. Sýningin var glæsileg og ekkert til sparað, en að okkar mati hefði mátt kynna hana betur í fjölmiðlum. Við óskuðum eftir að félagar í PGA á Íslandi skiptust á að kynna félagið á staðnum. Við náðum að manna helgina og skiluðu félagar góðu verki við að kynna félagið, félagsmenn, nýja lógóið og einnig nafnabreytinguna úr IPGA í PGA á Íslandi. Stjórnin vill þakka eftirtöldum félögum fyrir að standa vaktina fyrir sitt félag þessa helgi.

PGA á Íslandi stóð fyrir Pro-am móti og var það haldið í samráði við Golfsamband Íslands og Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar. Stefnan var sett á að ná 18 liðum til að taka þátt, en það náðist því miður ekki. Við náðum þó 13 liðum en einnig voru nokkur fyrirtæki sem hefðu viljað vera með en komust ekki. Það lítur út fyrir að við verðum með að minnsta kosti 18 lið á næsta ári. Mótið tókst mjög vel í alla staði og voru öll liðin í skýjunum með hvernig til tókst.

Við fengum þátttakendur til að fylla út einkunnablað eftir mótið og fengum við fullt hús stiga frá nánast öllum liðum sem tóku þátt. Það eina sem þátttakendur settu útá var að það voru ekki próar í öllum liðum. Þetta er eitthvað sem við megum ekki láta koma fyrir aftur. Við náðum 11 próum til að taka þátt og þess vegna þurftum við að leita til áhugamanna til að fylla mótið.

Áhugamennirnir stóðu sig mjög vel og spiluðu besta golfið þennan daginn, en þá vantaði skiljanlega hæfnina til að gefa af sér og segja þátttakendum til varðandi tækni, leikskipulag og annað sem próarnir skiluðu af sér með miklum sóma. Stjórnin vill koma á fram þakklæti til eftirfarandi kylfinga sem spiluðu í pró-am mótinu okkar.

Ingi Rúnar Gíslason
Sigurpáll Sveinsson
Örn Ævar
Ragnhildur Sigurðardóttir
Úlfar Jónsson
Magnús Birgisson
Derrick
Auðunn Einarsson
Einar Lyng Hjaltason
Einar Long
Magnús Lárusson
Kristján Þór Einarsson
Davíð Gunnlaugsson

Meistaramót PGA var haldið í ágúst og voru spilaðar 36 holur á 2 dögum. Fyrri dagurinn var spilaður hjá Golfklúbbnum Kili í Mosfellsbæ og seinni hringurinn daginn eftir hjá Golfklúbbnum Keili í Hafnarfirði. Alls mættu 12 kylfingar til leiks og voru efstu menn að spila gott golf. Úrslit réðust ekki fyrir en á síðustu holu og voru menn almennt sáttir með framkvæmd mótsins. Að lokum hafði Sigurpáll Geir Sveinsson sigur og spilaði hann hringina 2 á 136 höggum, eða 6 undir pari. Einu höggi á eftir honum varð Nökkvi Gunnarsson og þriðji varð Magnús Lárusson á tveim höggum undir pari.

PGA á Íslandi sendi lið á úrtökumót fyrir World Cup. Mótið var haldið í Tallinn í Eistlandi. Björgvin Sigurbergsson og Birgir Leifur Hafþórsson voru valdir til að taka þátt, en Birgir Leifur gaf ekki kost á sér í þetta verkefni. Í hans stað kom Sigurpáll Sveinsson og fóru þeir félagar fyrir hönd PGA á Íslandi. Mótið heppnaðist vel í alla staði í haustveðrinu í Tallinn. Spilamennskan var mjög góð á köflum, en stöðugleikann vantaði til að komast á World Cup á Mission Hills í Kína.

Þeir Björgvin og Sigurpáll enduðu mótið í 8. sæti af 18 þjóðum og voru þeir ánægðir með ferðina í heild sinni þó svo að árangurinn hafi ekki verið eins góður og þeir ætluðu sér.

Eftir mótið gaf undirritaður sig á tal við einn af fulltrúum evróputúrsins og sagði hann okkur að líklega yrði World Cup haldið annað hvert ár í framtíðinni. Einnig sagði hann að það er alls ekki útilokað að fá World Cup Qualifying til Íslands. Það sem til þarf er golfklúbb sem er til í að láta frá sér völl í viku og svo þurfa mótshaldarar að útvega gistingu og transport handa keppendum. Það yrði klárlega spennandi verkefni að fá þetta mót til Íslands.

Það voru 3 félagar sem reyndu fyrir sér í úrtökumótum fyrir evrópumótarðairnar. Þetta voru þeir Magnús Lárusson, Stefán Már Stefánsson og Hannes Eyvindsson. Enginn þeirra komst áfram af 1. stigi, en Stefán Már átti góða spretti inná milli. Þessar tilraunir fara væntanlega í reynslubankann og vonandi eiga þessir aðilar eftir að ná lengra að ári.

Samstarf PGA og GSÍ er okkar félagi lífsnauðsynlegt, því án þeirrar samvinnu væri rekstur PGA afar erfiður og kunnum við þeim bestur þakkir fyrir stuðninginn og gott samstarf.

Golfkennaraskólinn okkar var fyrirferðamikill á síðasta ári og voru 9 nemendur útskrifaðir frá skólanum. Þeir sem útskrifuðust voru, Andrea Ásgrímsdóttir, Björgvin Sigurbergsson, Einar Gunnarsson, Einar Lyng Hjaltason, Jóhann Kristján Hjaltason, Jón Þorsteinn Hjartarson, Karl Haraldsson, Ólafur Gylfason og Sturla Höskuldsson. Við óskum þessum golfkennurum innilega til hamingju. Unnið var hörðum höndum við að uppfylla þau skilyrði sem EPGA setti okkur svo við myndum uppfylla allar kröfur til að ná Minimum Training Standard. Sú mikla vinna skilaði árangri síðastliðið haust þegar PGA of Europe samþykkti okkar nám og er það hreint með ólíkindum að fá þetta nám staðfest á ekki lengri tíma en raun bar vitni. Það ber að þakka mikla eljusemi hjá Arnari Má og hans félögum í skólastjórninni. Það er enginn vafi á því að Arnar og félagar hafa unnið mikið og gott starf með skólann og viljum við hrósa þeim fyrir það.

Okkur langar að vekja athygli á að nafnið "PGA á Íslandi" og logoið okkar hefur nú verið sent einkaleyfisstofu. Við höfum nú einkarétt á að nota nafnið og logoið. Einnig höfum við endurskipulagt verkefni stjórnar, þ.e.a.s. hver og einn stjórnarmeðlimur hefur titil og ber því ákveðna ábyrgð á hlutum tengdum sínum titli innan stjórnar. Einnig hefur mikið verið að breytast varðandi vinnuálag stjórnarmeðlima og nú eru fleiri en einn aðili sem sér um allt eins og þetta hefur tíðkast undanfarin ár. Við erum lítið en öflugt félag með mjög verðmætan stimpil á okkar nafni og nú ber okkur að standa vörð um félagið og sjá til þess að það haldi áfram að öðlast meiri virðingu innan golfgeirans.

Fyrir hönd stjórnar PGA á Íslandi
Sigurpáll Geir Sveinsson Formaður

